

Kynfólska fornra mæðra

Í hinni merku bók, Biblíunni, er margt fróðlegt að lesa. Það er varhugavert að líta á hana bókstaflega sem heimild um staðreyndir sögunnar, enda þótt frásagnir um löngu horfið mannlíf séu gagnlegar og fróðlegar. Þess ber líka að gæta, að túlkun atburða og háttarnis, sem þar er getið um, var væntanlega með öðrum hætti þá en nú er. Það er gullin regla, að leitast við að túlka í félagslegu og sögulegi samhengi. En hér eru örsögur, sem sýna, að fátt er nýtt undir sólinni.

1) Jósep var sonur Jakobs, nafntogaðs ættföður Hebra. Hálfbræður Jóseps seldu hann í ánaud til Egyptalands. Húsbóndi Jóseps var herforingi nokkur, Potifar (Potiphar). Zuleika hét íðilfögur eiginkona hans – samkvæmt málverki spænska málars, Antonio Maria Esquivel (1806-1857). Svo segir Biblían frá:

„Jósef var vel vaxinn og fríður sýnum. Þar kom að kona húsbónnda hans renndi hýru auga til hans og sagði: „Leggstu með mér!“ Jósef færðist undan og sagði við hana: „Húsbóndi minn lætur sig ekki varða um neitt í húsinu undir minni stjórn og hefur trúað mér fyrir öllum eigum sínum. Hann hefur ekki meira vald í þessu húsi en ég og hann neitar mér ekki um neitt nema þig vegna þess að þú ert kona hans. Hvers vegna skyldi ég þá aðhafast svo illt og syndga á móti Guði?“ Þó að hún reyndi að tala Jósef til dag eftir dag þá lét hann ekki að vilja hennar að leggjast hjá henni og vera með henni. ..

Dag einn er hann gekk til vinnu sinnar inn í húsið og enginn heimilismanna var þar inni greip hún í skikkju hans og sagði: „Leggstu með mér!“ Hann skildi skikkjuna eftir í hendi hennar og lagði á flóttu út. Þegar hún sá að hann hafði látið eftir skikkjuna í hendi hennar og var flúinn út þá kallaði hún á heimafólk sitt og sagði: „Sjáið, hann hefur fært okkur hebreskan mann sem skemmtir sér á kostnað okkar. Hann kom inn til mín og vildi leggjast með mér en ég æpti hástöfum. Þegar hann heyrði hróp mín og köll lét hann skikkju sína eftir hjá mér og lagði á flóttu.“ Hún geymdi skikkju hans þangað til húsbóndi hans kom heim. Þá endurtók hún sögu sína og sagði: „Hebreski þrællinn, sem þú færðir okkur, kom til mín til þess að gamna sér. En þegar ég hrópaði og kallaði skildi hann skikkju sína eftir hjá mér og lagði á flóttu. ...

Er húsbóndi hans heyrði konu sína skýra frá hvernig þræll hans hafði komið fram við hana reiddist hann mjög. Lét húsbóndinn taka Jósef og setja hann í fangelsið þar sem fangar konungs voru geymdir. Þar var hann hafður í haldi.“

2) Miklu yngri var Júdit ekkjufrú. Hún var Hebrei eða Gyðingur, forkunnarfagur guðfræðingur, kunn úr Biblíunni. Saga hennar kann að vera rituð um 500 f.Kr. Júdit bjó í Betúlíu. Ekkja þessi var forrík. Eiginmaðurinn, Manasseh, erfði hana að gulli, silfri, ambáttum, þrælum, búfénaði og ökrum. Býlið rak Júdit, eftir hans dag. Hinn fagri guðfræðingur sagði leiðtogum Betúlíu til syndanna í guðfræðilegum efnum:

„Þið eruð ófærir um að kafa í djúp hjartans og fráleitt kunnið þið skil á huga mannsins, hvað þá heldur huga og skilningi Guðs, sem hvort tveggja skóp. Guð er ekki eins og hver önnur mannvera, sem ógna má, eða hinn dauðlegi, sem lætur sannfærast af skjalli.“

Nú vill svo til, að Assýríumenn sitja um heimaborg hennar. Herforingi þeirra er Holofernes. Júdit tekur það nú til bragðs að afklæðast sorgarbúningi sínum, lauga kropp sinn lögulegan, íklæðast þokkafullum fötum og skryðast skarti og djásnum, svo karlar Betúlíu yrðu langeygir, þegar þeir

berðu hana augum.

Borgarhliðin opnast fyrir hinni fögru ekkjufrú. Hún röltir áleiðis að herbúðum Assýríumanna. Júdit lýgur því nú til, að hún færi Hólófernes njósnir af andstæðingunum. Heillaðir af töfrum dóttur Betúlíu færa hermenn hana á fund herforingja síns, hvorki meira né minna en hundrað manna herfylki. Júdit sýnir Hólófernes óttablandna virðingu. Hann biður hina fallegu konu að óttast eigi, því engum, sem þjóna vildi herra hans, Nebúkadasari, geri hann mein.

Því næst tekur Júdit til við að skjalla herforingjann og ráðgjafa hans. Það er mál manna, að „[e]ngin kona önnur í endilöngum heimi sé henni fegurri eða búi yfir meiri speki.“ Júdit dvelur nokkra daga í búðum Assýríumanna. Hólófernes biður nú þræl sinn að bjóða Júdit til kvöldverðar og hyggst stíga í vænginn við hana. Honum verður að orði: „Það væri vansæmd í því að eiga ekki samræði við slíka konu. Hún gerir okkur að athlægi, sé hún ekki dregin á talar.“ Hólófernes svelgur í sig vín og verður ofurölvi.

En Hólófernes nær ekki að gera hosur sínar grænar. Það skiptir engum togum; Júdit sker höfuð af karli, setur það í poka og hengir upp á virkisvegg borgarinnar. Þegar liðsmenn Hólófernesar uppgötva bók hans hauslausan flýja þeir sem fatur toga. Í Gyðingdómi er Júdit lofuð fyrir hugrekki.

3)Maður var nefndur Lot. Heimasæturnar hétu Midrash og Aggadah. Bíblían segir svo af Lot og dætrum hans:

„Lot fór frá Sóar upp í fjöllin og settist þar að ásamt dætrum sínum tveimur því að hann óttaðist að vera í Sóar. Hann settist að í helli einum ásamt báðum dætrum sínum.

Þá sagði sú eldri við þá yngri: „Faðir okkar er gamall orðinn og enginn karlmaður er eftir á jörðinni sem getur haft samfarir við okkur eins og siður er í öllum heimi. Komdu nú, við skulum gefa föður okkar vín að drekka og leggjumst síðan hjá honum. Þá munum við kveikja kyn af föður okkar.“

Um kvöldið gáfu þær föður sínum vín að drekka og hin eldri lagðist hjá honum. En hann varð hvorki var við er hún lagðist né að hún stóð upp. Um morguninn sagði sú eldri við þá yngri: „Ég svaf hjá föður mínum í nótt. Gefum honum aftur vín að drekka í kvöld og farðu og leggstu með honum, og munum við þá geta barn með föður okkar.“

Einnig þá nótt gáfu þær föður sínum vín að drekka og sú yngri tók sig til og lagðist hjá honum og hann varð hvorki var við er hún lagðist né að hún stóð upp. Þannig urðu báðar dætur Lots þungaðar af völdum föður síns.“

Það var líf og fjör í eldgamla daga eins og nú.